

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 43 ? 17.01.2005

Mánudaginn 17. janúar, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Akrahreppi.
 2. Heimsókn Hitaveitu Egilsstaða og Fella.
 3. Borun við Kýrholt.
 4. Önnur mál
1. Námskeið.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Farið yfir stöðu mála varðandi hitaveitu í Akrahreppi og undirbúinn fundur með Hreppsnefnd Akrahrepps sem verður kl. 17.00. Kristján Jónasson hjá KPMG Endurskoðun og Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðiskrifstofunni Stoð mættu á fundinn kl. 16.30 og fóru yfir rekstrar- og framkvæmdaráætlun fyrir veituna. Kl. 17.00 mættu fulltrúar Akrahrepps á fundinn þau Agnar Gunnarsson, Svanhildur Pálsdóttir, Þórarinn Magnússon, Þorleifur Hólmsteinsson og Margrét Óladóttir. Farið sameiginlega yfir rekstrar- og framkvæmdaráætlunina fyrir veituna. Ákveðið að hittast aftur nk. fimmtudag 27. janúar. Einnig ákveðið að óska eftir fundi með Byggðaráði þriðjudaginn 25. janúar nk.

2. Kynnt drög að heimsókn stjórnar og starfsmanna Hitaveitu Egilsstaða og Fella þann 27. janúar nk.

3. Páll Pálsson greindi frá stöðu mála.

4. Önnur mál

1. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir námskeiði í rekstri og stjórnun á vegum Mentafélagsins. Samþykkt að Páll sæki námskeiðið. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.50

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Pálsson (sign)